

## Fundargerð stjórnarfundar Náttúrustofu Vesturlands (NSV)

**Haldinn í fundarsal ráðhúss Stykkishólsmæjar og Helgafellssveitar, föstudaginn 16. september 2022, kl. 14.00-15.40.**

Fundinn sátu Halldór Árnason (stjórnarformaður), Hjalti Viðarson (meðstjórnandi), Ásgeir Gunnar Jónsson (varamaður), Róbert Arnar Stefánsson (forstöðumaður NSV) og Menja von Schmalensee (sviðsstjóri NSV), sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Skjöl lögð fram á fundinum:

- Helstu verkefni starfsfólks Náttúrustofu Vesturlands, janúar – september 2022
- Helstu verkefni fram undan hjá starfsfólki Náttúrustofu Vesturlands, september - desember 2022
- Fjárhagsáætlun 2022 – samþykkt af stjórn fyrr á árinu.
- Ársreikningur 2021 – samþykktur af stjórn fyrr á árinu.
- Starfsreglur og leiðbeiningar fyrir stjórn og forstöðumann Náttúrustofu Vesturlands – samþykktar af stjórn fyrr á árinu.

### 1. Almenn kynning á starfsemi NSV

Forstöðumaður hélt glærukynningu þar sem farið var yfir sögu NSV, stöðu hennar í stjórnkerfinu, helstu verkefni stofunnar ásamt yfirliti um fjármál hennar og þróun í starfsmannahaldi síðastliðin ár. Stjórnarformaður þakkaði fyrir greinargott yfirlit.

### 2. Helstu verkefni NSV 2022

Forstöðumaður fór yfir lista yfir helstu verkefni starfsmanna NSV á tímabilinu frá jan.- sept. 2022 og sagði stuttlega frá verkefnunum sem þar voru talin upp. Sviðsstjóri fór í framhaldinu yfir helstu verkefni fram undan í starfsemi Náttúrustofunnar (til áramóta). Stjórnarformaður þakkaði fyrir greinargott og nytsamlegt yfirlit.

### 3. Fjármál NSV 2021 og 2022

Samþykktur ársreikningur Náttúrustofu Vesturlands fyrir 2021 var lagður fram til kynningar, sem og fjárhagsáætlun fyrir 2022, sem stjórn samþykkti fyrr á árinu. Stjórn og forstöðumaður ræddu um fjárhagsáætlunina og framkvæmd hennar. Forstöðumaður taldi ekki vera ástæðu til að ætla annað en að hún standist í öllum meginatriðum, þar sem ekki hafa orðin nein umtalsverð ófyrirséð útgjöld eða tekjur sem ekki var gert ráð fyrir í áætluninni.

Forstöðumaður greindi frá því að útlit væri fyrir talsverðan niðurskurð á ríkisframlagi til NSV miðað við nýframkomið fjárlagafrumvarp. Mikilvægt væri að ræða við þingmenn um að leiðrétta þennan niðurskurð. Óskuðu stjórnendur NSV eftir liðsinni stjórnar í þeim efnum. Stjórn tók vel í þá beiðni og munu forstöðumaður og stjórnarformaður vera í sambandi hvað það varðar.

### 4. Starfsreglur og leiðbeiningar fyrir stjórn og starfsfólk NSV

Fyrr á árinu samþykkti fyrri stjórn starfsreglur og leiðbeiningar fyrir stjórn og forstöðumann Náttúrustofu Vesturlands. Rætt var um nokkur atriði sem stjórn teldi mögulega æskilegt að breyta í þeim, s.s. að breyta lágmarksfjölda stjórnarfundna úr tveim í fjóra á ári og að fjarlægja ákvæði um aðkomu sviðsstjóra að stjórnarfundum og fundargerðum í ljósi reglna um hæfi. Sömu leiðis var rætt

um mögulega aðkomu stjórnarformanns að opinberum bréfum sem send eru í nafni Náttúrustofunnar. Vakið var máls á að nauðsyn þess að Náttúrustofan færi í einu og öllu að stjórnarsýslulögum, m.a. við mannaáðningar og aðrar fjárhagslegar skuldbindingar, ekki síst ljósi ábyrgðar Stykkishólmsbæjar á rekstrinum. Allir fundarmenn voru sammála um að gott væri að fjölga fundum. Önnur atriði þyrfti að útfæra nánar og verður frekari umræða um starfsreglurnar einnig á dagskrá næsta stjórnarfundar. Forstöðumanni var falið að senda bæjarstjórn starfsreglurnar til umfjöllunar.

## 5. Önnur mál

Sviðsstjóri kynnti stuttlega aðstæður og forsendur þess að aðalstarfsstöð hennar væri heimaskrifstofa og hvernig það hefði reynst. Vegna tengsla hennar við forstöðumann hefur ávallt verið leitað leyfis stjórnar fyrir þessari tilhögun og leyfið endurnýjað eftir kjör nýrrar stjórnar. Stjórn sýndi aðstæðunum skilning og lagðist ekki gegn þessari tilhögun. Ákveðið var að útbúa skriflega lýsingu á þessu samkomulagi sem yrði undirritað af bæði forstöðumanni og stjórnarformanni. Stjórnendur NSV munu gera drög og senda stjórnarformanni.

Rætt var um aðkomu annarra sveitarfélaga að rekstri Náttúrustofunnar, þar á meðal um kosti og erfiðleika þess að fjölga rekstrarsveitarfélögum.

Rætt var lítillega um stofnun fræðaseturs í Stykkishólmi, sem gæti orðið regnhlíf fyrir fræðastörf. Fundarmenn tóku vel í slíkar hugmyndir.

Næsti fundur verður haldinn 28. okt. 2022 kl. 14. Forstöðumaður mun bóka fundarherbergi.